



# Mánaðamót

**1. september 2025**  
**Greiningardeild Landsbankans**

# Markaðsdagatal – september 2025

| Mánudagur    | Þriðjudagur                             | Miðvikudagur                                                                                                                     | Fimmtudagur                                                              | Föstudagur                        |
|--------------|-----------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------|
| 1. september | 2<br>Verðbólga á evrusvæðinu            | 3<br>Fundargerð peningastefnunefndar (SÍ)                                                                                        | 4<br>Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á 2F (SÍ)  | 5<br>Atvinnuleysi í Bandaríkjunum |
| 8            | 9                                       | 10<br>Brottfarir um Keflavíkurfl. í ágúst (FMST)<br>Skráð atvinnuleysi (VMST)                                                    | 11<br>Verðbólga í Bandaríkjunum<br>Vaxtaákvörðun á evrusvæðinu           | 12                                |
| 15           | 16<br>Vísitala íbúðaverðs í ágúst (HMS) | 17<br>Greiðslumiðlun í ágúst (SÍ)<br>Vísitala leiguverðs í ágúst (HMS)<br>Vaxtaákvörðun í Bandaríkjunum<br>Verðbólga í Bretlandi | 18<br>Mánaðarskýrsla hagdeildar (HMS)<br>Vaxtaákvörðun hjá Englandsbanka | 19                                |
| 22           | 23<br>Vísitala launa í júlí (HAG)       | 24<br>Yfirlýsing fjármálastöðugleikaneftndar ásamt útgáfu fjármálastöðugleikaskýrslu (SÍ)                                        | 25<br>Vísitala neysluverðs í september (HAG)                             | 26<br>Hagvísar (SÍ)               |
| 29           | 30<br>Gistinætur í ágúst (HAG)          |                                                                                                                                  |                                                                          |                                   |




# Verðbólga

Vísitala neysluverðs lækkaði um 0,15% á milli mánaða í ágúst. Ársverðbólga hjaðnaði úr 4,0% í 3,8% og er komin aftur undir efri vikmörk verðból gumarkmiðs SÍ. Við höfðum spáð því að verðbólga myndi hækka lítillega í ágúst, um 0,07% á milli mánaða, og að verðbólga stæði í stað í 4,0%. Verðbólga án húsnæðis hjaðnaði og hið sama má segja um árshækkun allra þriggja kjarnavísitalnanna sem bendir til þess að undirliggjandi verðbólguþrýstingur hafi minnkað.


## Vísitala neysluverðs

Breyting á milli ára



## Nýjasta mæling, fyrir mánuði og fyrir ári síðan


Breyting milli ára



# Breyting VNV á milli mánaða


Helsti munurinn á spánni og mælingunni er að flugfargjöld til útlanda lækkuðu meira en við gerðum ráð fyrir og útsölur á fötum og skóm gengu minna til baka en við spáðum. Á móti gengu útsölur á húsgögnum og heimilisbúnaði hraðar til baka en við gerðum ráð fyrir.

## Framlag undirliða í ágúst



## Ágústsmælingar VNV

Breyting á milli mánaða ásamt framlagi undirliða




# Samsetning ársverðbólgu


Framlag flestra liða til ársverðbólgu minnkaði á milli mánaða nú í ágúst, að innlendum vörum undanskildum. Hjöðnun verðbólgu í ágúst skýrist aðallega af lægra framlagi flugfargjalda, en framlag annarrar þjónustu dróst einnig töluvert saman á milli mánaða. Framlag innlendra vara eykst þó á milli mánaða, sem má að mestu rekja til matvöruverðs.

## Verðbólga eftir eðli og uppruna

Breyting á milli ára ásamt framlagi undirliða



## Breyting á samsetningu ársverðbólgu



1) Innfluttar vörur án bensíns. 2) Almenn þjónusta án flugfargjalda til útlanda. 3) Húsnæði án reiknaðrar húsaleigu.  
Heimild: Hagstofa Íslands




# Horfur næstu mánuði

Við teljum horfur á að ársverðbólga verði 4,0% í september og október og lækki síðan niður í 3,8% í nóvember. Skólagjöld voru felld niður í nokkrum háskólum í ágúst í fyrra og skólamáltíðir í grunnskólum voru gerðar gjaldfrjálssar í september. Þessi stöku lækkunaráhrif ýttu verðbólgu tímabundið niður síðasta haust, en hverfa nú úr árstaktinum.


## Verðbólguþspá

Breyting milli mánaða ásamt framlagi undirliða



## Verðbólguþspá

Ársverðbólga




# Stýrivextir

Peningastefnunefnd hélt vöxtum Seðlabankans óbreyttum þann 20. ágúst. Meginvextir bankans, vextir á 7 daga bundnum innlánnum, eru því enn 7,5% eftir ákvörðunina. Yfirlýsing nefndarinnar var svo gott sem óbreytt frá síðustu ákvörðun. Þar segir að enn hafi þær aðstæður ekki skapast að hægt sé að slaka á núverandi raunvaxtaaðhaldi og ljóst sé að frekari skref til lækkunar vaxta séu háð því að verðbólga færist nær 2,5% markmiði bankans. Næsta vaxtaákvörðun verður kynnt miðvikudaginn 8. október.

## Vaxtaákvörðanir peningastefnunefndar


| Dags.         | Lagt til | Atkvæði með          | Atkvæði móti | Kosið annað  | Niðurstaða | Meginvextir |
|---------------|----------|----------------------|--------------|--------------|------------|-------------|
| 8. feb. 2023  | +0,50%   | ÁJ, RS, GJ, GZ, HS   |              | HS (+0,75%)  | +0,50%     | 6,50%       |
| 22. mar. 2023 | +1,00%   | ÁJ, RS, GJ, ÁÓP, HS  |              |              | +1,00%     | 7,50%       |
| 24. maí 2023  | +1,25%   | ÁJ, RS, ÁÓP, HS      | GJ (+1,00%)  |              | +1,25%     | 8,75%       |
| 23. ágú. 2023 | +0,50%   | ÁJ, RS, ÁÓP, HS      | GJ (+0,25%)  |              | +0,50%     | 9,25%       |
| 4. okt. 2023  | óbr.     | ÁJ, RS, GJ, ÁÓP      | HS(+0,25%)   | ÁÓP (+0,25%) | óbr.       | 9,25%       |
| 22. nóv. 2023 | óbr.     | ÁJ, RS, GJ, ÁÓP,HS   |              |              | óbr.       | 9,25%       |
| 7. feb. 2024  | óbr.     | ÁJ, RS, ÁÓP, HS      | GJ (-0,25%)  |              | óbr.       | 9,25%       |
| 20. mar. 2024 | óbr.     | ÁJ, RS, ÁÓP, HS      | GJ (-0,25%)  |              | óbr.       | 9,25%       |
| 8. maí 2024   | óbr.     | ÁJ, RS, ÁÓP, HS      | AS (-0,25%)  |              | óbr.       | 9,25%       |
| 21. ágú. 2024 | óbr.     | ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS  |              |              | óbr.       | 9,25%       |
| 2. okt. 2024  | -0,25%   | ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS  |              | HS (óbr.)    | -0,25%     | 9,00%       |
| 20. nóv. 2024 | -0,50%   | ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS  |              |              | -0,50%     | 8,50%       |
| 5. feb. 2025  | -0,50%   | ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS |              |              | -0,50%     | 8,00%       |
| 19. mar. 2025 | -0,25%   | ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS |              |              | -0,25%     | 7,75%       |
| 21. maí 2025  | -0,25%   | ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP     |              | HS (óbr.)    | -0,25%     | 7,50%       |
| 20. ágú. 2025 | óbr.     | ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS |              |              | Óbr.       | 7,50%       |
| 8. okt. 2025  |          |                      |              |              |            |             |
| 19. nóv. 2025 |          |                      |              |              |            |             |

## Meginvextir Seðlabanka Íslands



# Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði


Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði hækkaði til tveggja ára en lækkaði til fimm ára og til tíu ára í ágúst. Álagið lækkaði meira til fimm ára en til tíu ára og lækkaði því álagið til fimm ára eftir fimm ár.




# Verðbólga, verðbólguvæntingar og raunstýrivextir

Meðaltal helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar hefur haldist á bilinu 3,5% til 4,0% síðan það fór undir 4,0% í september í fyrra. Seðlabankinn hefur slakað á raunvaxtastigi síðustu mánuði, hvort sem horft er til liðinnar verðbólgu eða verðbólguvæntinga. Miðað við liðna verðbólgu voru raunstýrivextir 0,4 prósentustigum lægri í ágúst (3,7%) en þegar þeir voru hæstir í mars sl. (4,1%). Miðað við meðaltal helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar voru raunstýrivextir 1,5 prósentustigi lægri í ágúst (4,0%) en þegar þeir voru hæstir í október í fyrra (5,5%).

## Verðbólga og verðbólguvæntingar



## Raunstýrivextir




Meðaltal mánaðar. Verðbólguvæntingar eru meðaltal verðbólguálags á skuldabréfamarkaði til tveggja ára og fimm ára og væntingakönnun markaðsaðila til eins árs og næstu fimm ár. Skyggða svæðið er hæsta og lægsta gildið. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Greiningardeild Landsbankans

# Fasteignamarkaðurinn


Vísitala íbúðaverðs hækkaði um 0,27% á milli mánaða í júlí. Hækkunin var drifin áfram af sérbylí á landsbyggðinni sem hækkaði um 1,5%. Áfram dregur úr árshækkun vísitölunnar, en árshækkunin lækkaði úr 4,7% í júní niður í 4,2% í júlí.

## Vísitala íbúðaverðs

Breyting á milli ára




## Undirritaðir kaupsamningar á landinu öllu



# Verg landsframleiðsla


Landsframleiðsla dróst saman um 1,9% á milli ára á öðrum ársfjórðungi. Samdráttinn má að mestu rekja til utanríkisviðskipta, en halli á vöru- og þjónustuviðskiptum var mun meiri en á sama fjórðungi í fyrra. Innlend eftirspurn jókst á milli ára og vó upp á móti bókfærðum samdrætti af völdum aukins innflutnings. Fjárfesting jókst kröftuglega, um 8,3% í heild. Aukna fjárfestingu má að langmestu leyti rekja til aukinnar atvinnufjárfestingar sem, eins og síðustu fjórðunga, skýrist af uppsetningu gagnavera.

## Breyting á milli ára ásamt framlagi helstu undirliða




# Velta skv. VSK-skýrslum

Velta skv. VSK- skýrslum ber þess merki að í flestum atvinnugreinum hafi veltan verið þó nokkuð minni í maí og júní á þessu ári en á sama tíma í fyrra. Velta í atvinnugreinum á borð við sjávarútveg, málmaframleiðslu og sölu og viðhaldi á bílum dróst þó nokkuð saman á milli ára í maí og júní eftir að hafa aukist á milli ára í mars og apríl. Hagstofan hefur ekki enn birt heildartölu yfir veltu þar sem þau vinna nú að endurskoðun talna, og því yrði talan ómarktæk.




# Atvinnuleysi

Skráð atvinnuleysi í júlí var 0,3 prósentustigum hærra en í sama mánuði árið áður. Þetta er fjórði mánuðurinn í röð sem atvinnuleysi mælist 0,3 prósentustigum hærra en fyrir ári síðan.




# Greiðslukortavelta íslenskra heimila

Kortavelta jókst um 6,5% á milli ára í júlí að raunvirði, þar af jókst hún um 2,3% innanlands og um 21,1% erlendis. Verulega aukin kortavelta Íslendinga erlendis passar við stórfellda fjölgun utanlandsferða á þessu ári. Það sem af er ári hafa utanlandsferðir Íslendinga verið um 22% fleiri en á sama tíma í fyrra. Þróun kortaveltu bendir til þess að meðalheimilið hafi að miklu leyti staðið af sér hátt vaxtastig án þess að hafa þurft að halda verulega aftur af neyslu. Á sama tíma og kortavelta hefur aukist og utanlandsferðum fjölgað hafa innlán heimila aukist talsvert. Samhliða virðist tiltölulega lítið um yfirdrátt sem er einnig merki um að heimilin standi vel. Því er líklega áfram innistæða til neyslu næstu misserin



# Hrein ný íbúðalán

Hrein ný íbúðalán viðskiptabankanna námu 12,9 mö.kr. í júlí. Hrein ný verðtryggð lán námu 11,3 mö.kr. en hrein uppgreiðsla á óverðtryggðum lánum var 1,7 ma.kr. Gögn um hrein ný útlán lífeyrissjóða í júlí verða birt fimmtudaginn 4. september.




# Staðan í ferðaþjónustu

Rúmlega 301 þúsund erlendir ferðamenn fóru um Keflavíkurflugvöll í júlí, 9,1% fleiri en í júlí í fyrra. Það sem af er ári hafa brottfarir erlendra ferðamanna verið 1,4% fleiri en á sama tímabili í fyrra. Kortavelta erlendra ferðamanna hérlandis jókst um 2,3% á milli ára á föstu verðlagi og um 14,0% á föstu gengi.


## Uppsafnaður fjöldi ferðamanna

Þúsund manns




## Þróun helstu mælikvarða

Breyting á milli ára



# Gengi krónunnar

Krónan styrktist á móti bandaríkjadal en veiktist á móti evru í ágúst. Í lok mánaðarins stóð evran í 143 í stað 142,2 í lok (+0,8 króna) og bandaríkjadalur stóð í 122,7 í stað 124,2 í lok júlí (-1,5 króna).




# Gjaldeyrisviðskipti Seðlabanka Íslands og lífeyrissjóða

Seðlabankinn keypti evrur fyrir 6,0 ma.kr. á tímabilinu 1.-26. ágúst. Fyrir utan reglubundin kaup greip Seðlabankinn ekki inn á markaðinn á þessu tímabili. Lífeyrissjóðirnir bættu aðeins í gjaldeyriskaup sín í maí, en þeir keyptu gjaldeyri fyrir 7,8 ma.kr. í maí samanborið við 2,3 ma.kr. að meðaltali fyrstu 4 mánuði ársins.

## Inngrip Seðlabanka Íslands



## Uppsöfnuð kaup lífeyrissjóða innan árs



# Útgáfur Greiningardeildar í ágúst

- 13. ágúst: Hagsjá: Aukinn kaupmáttur, meiri neysla og fleiri utanlandsferðir
- 14. ágúst: Hagsjá: Spáum óbreyttri verðbólgu í ágúst
- 15. ágúst: Hagsjá: Ekki horfur á frekari vaxtalækkun á árinu
- 19. ágúst: Hagsjá: Útflutningur í sókn en innflutningur líka
- 22. ágúst: Hagsjá: Íbúðamarkaður í betra jafnvægi þótt nýjar íbúðir seljist hægar
- 28. ágúst: Hagsjá: Verðbólga hjaðnar þvert á væntingar

# Fyrirvari

Þessi samantekt og/eða umfjöllun er markaðsefni ætlað til upplýsingar en ekki sem grundvöllur viðskipta. Markaðsefni þetta felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né óháða fjárfestingargreiningu. Lagakröfur sem gilda um fjárfestingarráðgjöf og fjárfestingargreiningu eiga því ekki við, þ.m.t. bann við viðskiptum fyrir dreifingu.

Upplýsingar um þróun gengis innlendra hlutabréfa, skuldabréfa og/eða vísitalna koma frá Nasdaq Iceland – Kauphöllinni. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á viðkomandi hlutabréf, skuldabréfaflokk eða vísitölu. Upplýsingar um þróun gengis erlendra fjármálagerninga, vísitalna og/eða sjóða koma frá aðilum sem Landsbankinn hefur metið áreiðanlega. Þróun gengis í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarþróun.

Upplýsingar um fyrri árangur sjóða Landsbréfa byggja á upplýsingum frá Landsbréfum. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á heiti viðkomandi sjóðs, þ.m.t. um árangur síðastliðinna fimm ára. Upplýsingar um fyrri árangur sjóða sýna nafnávöxtun, nema annað sé tekið fram. Ef fyrri árangur sjóða byggir á erlendum gjaldmiðli getur ávöxtun aukist eða minnkað vegna gengissveiflna. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

Verðbréfavíðskipti fela í sér áhættu og eru lesendur hvattir til að kynna sér Áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga og Stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra sem finna má á vef Landsbankans.

Landsbankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sætir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands ([www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit](http://www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit)).

